

Sþ. 380. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Kristján Thorlacius, Jón Skaftason, Karl Kristjánsson,
Matthías Ingibergsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að endurskoða lög um tekjustofna sveitarfélaga, í því skyni að finna nýja tekjustofna, er geri kleift að fella niður eða lækka verulega útsvar af framfærslutekjum manna.

Nefndin taki einnig til athugunar önnur atriði laganna, eftir því sem ástæða þykir til.

Greinargerð.

Núgildandi reglur um álagningu útsvara á framfærslutekjur eru orðnar mjög ósanngjarnar. Raunverulegur framfærslukostnaður meðalfjölskyldu er nú á annað hundrað þúsund krónur á ári. Er fjölskyldufrádrátturinn því í engu samræmi við framfærslukostnaðinn.

Það er hin mesta nauðsyn, að nú þegar verði hafizt handa um að leita að nýjum leiðum, er tryggi, að unnt verði að komast hjá útsvarsálagningu á almennar launatekjur eða a. m. k. lækka útsvar af þeim verulega.

Það er alkunna, að útsvör, eins og aðrir beinir skattar, bitna þyngst á launamönnum, og í reyndinni taka þeir á sig mikinn hluta af þeirri gjaldabyrði, sem öðrum aðilum er ætlað að bera lögum samkvæmt, þar sem ekki hefur tekizt að tryggja rétt framtöl.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru tekjur einstaklinga, er nema eigi hærri fjárhæð en 50 þús. kr., skattfrjálsar. Á sama hátt eru hjónum reiknaðar 70 þús. kr. skattfrjálsar og auk þess 10 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs.

Samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra í fjárlagaræðunni s. l. haust hyggst hann leggja til, að þessar skattfrjálsu tekjur verði hækkaðar um 30%, og var þar með viðurkennt af hans hálfu, að vegna vaxandi dýrtiðar þyrfti breytinga við.

Mikils ósamræmis gætir þannig nú orðið um persónufrádrátt við álagningu tekjuskatts og útsvars, en á hinn bóginn verður að teljast eðlilegt, að svipaðar reglur gildi í þessu efni bæði um tekjuskatt og útsvar.

Sveitarsjóðirnir verða auðvitað að fá sínar tekjur, en til þess að afla þeirra hljóta að vera ýmsar aðrar leiðir en álagning útsvara á framfærslutekjur.

Þess vegna er með tillögu þessari lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að finna nýja tekjustofna sveitarfélaga, er geri kleift að fella niður eða lækka verulega útsvör af framfærslutekjum manna, og athuga aðrar þarfar breytingar á lögnum.